

Föstudaginn 3. júní 1988.

Nr. 140/1988. **Halldór Ragnarsson**

gegn

**Margréti Bárðardóttur og
yfirborgarfégetanum í Reykjavík.**

Kærumál. Greiðslustöðvun. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili kærði 13. maí sl. til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur sama dag, en úrskurðurinn, sem er án forsendna, er þannig: „Margréti Bárðardóttur, kt. 07.02.48-4259, Kögurseli 14, Reykjavík, er veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði frá deginum í dag að telja.“

Samkvæmt gögnum málsins óskaði varnaraðili með bréfi 11. maí sl. greiðslustöðvunar í þrjá mánuði til að koma nýrri skipan á fjármál sín, en hún telur sig eiga í verulegum fjárhagsörðugleikum. Skuldir sínar telur hún nema 3.995.000,00 krónum og séu þær allar gjaldfallnar. Miðað við matsverð eigna samkvæmt framlögðu yfirliti um eignir og skuldir telur hún talsvert eigið fé vera í búi sínu. Til að koma nýrri skipan á fjármálin bendir hún á að eiginmaður hennar eigi fiskiskipið Friðgeir Björgvinsson RE-400, og sé það atvinnutæki fjölskyldunnar. Eigi hann rétt til langtímaláns auk réttar til frekari slíkra lána. Þá sé möguleiki á að ná samningum við kröfuhafa um skuldbreytingu til einhverra ára. Einnig sé sú leið að selja eignir. Fyrir liggur í málinu að selja átti íbúðarhús varnaraðila og eiginmanns hennar á nauðungaruppboði 13. maí, en sú sala fór ekki fram vegna hins kærða úrskurðar.

Vegna sóknaraðila hefur Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður gert svofelldar dómkröfur:

- „1) Greiðslustöðvunin verði strax úr gildi felld og Borgarfégetaembættinu gert skylt, að framkvæma uppboð að Kögurseli 14.
- 2) Að Yfirborgarfégeti Jón Skaftason verði réttléga víttur fyrir embættisafglöp.

3) Að mér verði dæmdar áðurnefndar þóknunarbætur, auk kærumálskostnaðar.“

Varnaraðilar hafa sent dóminum athugasemdir sínar. Varnaraðili, Margrét Bárðardóttir, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili vísar til kærueimildar í hæstaréttarlögum og lagaákvæðum um greiðslustöðvun ótiltekið. Samkvæmt 1. tl. 10. gr. laga um gjaldprotaskipti nr. 6/1978 er kæra heimil til að hnekkja úrskurðinum um greiðslustöðvun, en kæran á hendur yfirborgarfógeta þykir heimil eftir 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili telur efni kæru sinnar fyrst og fremst vera til ógildingar á veittri heimild til greiðslustöðvunar. Byggir hann á því annars vegar, að úrskurðurinn um greiðslustöðvunina hafi verið allt of síðgerður til að koma í veg fyrir nauðungarsölu á íbúðarhúsi varnaraðila, og hins vegar á því, að nægar eignir hafi verið í búi varnaraðila þannig að greiðslustöðvun sé ekki réttmæt. Að öðru leyti þykja röksemdir sóknaraðila ekki skipta máli í þessu sambandi.

Í málinu er ekki ágreiningur um það að heimildin til greiðslustöðvunar var veitt áður en nauðungaruppboðið skyldi fara fram. Verður henni eigi hnekkð af þeim sökum að úrskurðurinn um hana hafi verið of síðgerður. Þá verður heldur ekki á það fallist að hinn kærði úrskurður skuli ómerkur af því að nægar eignir séu í búi varnaraðila. Samkvæmt 8. gr. gjaldprotalaga má nauðungaruppboð ekki fara fram meðan á greiðslustöðvun stendur.

Að því er varðar kæruna á hendur yfirborgarfógeta hefur ekki verið sýnt fram á, að hann hafi gert á hluta sóknaraðila í dómara-starfi og er henni hafnað.

Af hálfu yfirborgarfógeta er ekki krafist kærumálskostnaðar. Sóknaraðili greiði varnaraðila, Margréti Bárðardóttur, 5.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Lögmaður sóknaraðila hefur í sóknarskjölum viðhaft ósæmileg ummæli um yfirborgarfógeta og lögmann varnaraðila, sem ber að víta hann harðlega fyrir.

Kæra þessi er að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Halldór Ragnarsson, greiði varnaraðila, Margréti Bárðardóttur, kærumálskostnað 5.000,00 krónur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. júní 1988.

Nr. 141/1988. Halldór Ragnarsson

gegn

Helga Friðgeirssyni og

yfirborgarfégetanum í Reykjavík.

Kærumál. Greiðslustöðvun. Réttarfarsvitur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili kærði 13. maí sl. til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur sama dag, en úrskurðurinn, sem er án forsendna, er þannig: „Helga Friðgeirssyni, kt. 11.07.44-2349, Kögurseli 14, Reykjavík, er veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði frá deginum í dag að telja.“

Samkvæmt gögnum málsins óskaði varnaraðili með bréfi 11. maí sl. greiðslustöðvunar í þrjá mánuði til að koma nýrri skipan á fjármál sín, en hann taldi sig eiga í verulegum fjárhagsörðugleikum. Skuldir sínar taldi hann nema 24.605.717,00 krónum, þar af væru gjaldfallnar 9.800.000,00 krónur og auk þess veruleg vanskil á öðrum skuldum. Miðað við matsverð eigna taldi hann talsvert eigið fé vera í búi sínu. Til að koma nýrri skipan á fjármálin benti hann á, að hann ætti rétt til langtímaláns að fjárhæð 2,5 millj. króna auk réttar til frekari slíkra lána. Þá væri möguleiki á að ná samning-